

LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA

ÁRSREIKNINGUR 2000

EFNISYFIRLIT

Áritun endurskoðanda.....	bls.	1
Áritun og skýrsla stjórnar.....	"	2 - 3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	"	4
Efnahagsreikningur 31. desember 2000.....	"	5
Sjóðstreymi	"	6
Skýringar	"	7 – 15

ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verkfræðinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs verkfræðinga fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikningur, sjóðstreymi og skýringar fyrir báðar deildir lífeyrissjóðsins. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum lífeyrissjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag lífeyrissjóðsins og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 30. mars 2001

Árni Snæbjörnsson
Löggiltur endurskoðandi
Moore Stephens endurskoðun ehf.

Ársreikning þennan, sem gerður er af Moore Stephens endurskoðun ehf. höfum við yfirfarið og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 30. mars 2001

Hilmar Sigurðsson
Verkfræðingur

Sigurður Norðdahl
Verkfræðingur

ÁRITUN OG SKÝRSLA STJÓRNAR

Uppsetning ársreiknings 2000 er með smávægilegum breytingum frá fyrra ári. Vaxtagjöld sem sjóðurinn hefur orðið fyrir vegna dómsmála hafa nú verið færð undir “Lífeyrir” í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, en höfðu verið færð undir “Fjárfestingagjöld” á árinu 1999, og hefur samanburðartölum verið breytt til samræmis. Að öðru leyti sem um breytingar er að ræða er gerð grein fyrir þeim í skýringum, sem eru hluti ársreiknings.

Nú eiga 2453 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum, en 1961 sjóðfélagi greiddi iðgjöld í sjóðinn árið 2000. Sjóðfélögum fjölgaði um 178 á árinu. Að jafnaði greiddu 1722 sjóðfélagar reglulega mánaðargreiðslur í sjóðinn. Stefna sjóðsins er að fjölga sjóðfélögum og er stjórn sjóðsins heimilt að veita þeim sem hafa lokið námi úr Háskóla Íslands með 90 eininga B.S. gráðu eða sambærilegu námi inngöngu í sjóðinn auk allra verkfræðinga sem fá sjálfkrafa aðild að sjóðnum.

Árið 2000 var lífeyrissjóðnum óhagstætt. Það er versta rekstrarár sjóðsins um langt skeið. Fjárfestingartekjur minnkuðu úr 2.248 milljónum króna 1999 í tap sem nam 383 milljónum króna 2000. Þetta stafaði fyrst og fremst af mikilli lækkun hlutabréfaverðs á helstu mörkuðum erlendis, svo og á Íslandi. Lækkun íslensku krónunnar dró þó úr áhrifum lækkaðs hlutabréfaverðs erlendis, en átti sinn þátt í lækkun íslenskra hlutabréfa. Hlutabréfasafn sjóðsins hjá Morgan Stanley lækkaði um 13,67% í krónum (25,4% í dollurum) og breytanlegu skuldabréfin (convertibles) lækkuðu um 5,5% í krónum (19,06% í dollurum). Hlutabréfasjóðurinn hjá Gartmore lækkaði um 5,15% í krónum (18,76% í dollurum) og hlutabréfin í deCode lækkuðu um 74,46% í krónum (78,13% í dollurum). Íslensku hlutabréfin lækkuðu um 19,6% í krónum á árinu. Það er ljóst að fjárfesting í erlendum og innlendum hlutabréfum hefur verið sjóðnum hagstæð yfir lengri tíma lítið, en henni fylgja meiri sveiflur en áður, þegar nær eingöngu var fjárfest í skuldabréfum. Árið 2000 varð veruleg niðursveifla, en næstu ár á undan höfðu skilað sjóðnum mikilli ávöxtun. Meðaltal hreinnar ávöxtunar síðustu 5 ár er 7,63%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2000 var -7,67% og hrein raunávöxtun -7,89%.

Vöxtur samtryggingardeildar sjóðsins varð nokkur á árinu. Iðgjöld jukust um 16% milli ára og hækkun á hreinni eign sjóðsins varð 2,7% eða 282 milljónir króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2000 kr. 10.558.491.403.

Þetta var annað starfsár séreignardeildar sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur jukust um 78% frá fyrra ári og greiddu 400 sjóðfélagar í þennan sparnað. Hrein eign deildarinnar í lok ársins 2000 var kr. 84.863.449. Nafnávöxtun séreignardeildarinnar var 1,87%, raunávöxtun var -0,56% og hrein raunávöxtun -2,21%.

Í október 1999 og janúar 2000 voru kveðnir upp þrjú dómur í Hæstarétti í málum er þrjú sjóðfélagar höfðu gegn sjóðnum um túlkun á samþykktum sjóðsins. Niðurstöður Hæstaréttar auka talsvert lífeyrisgreiðslubyrði sjóðsins frá því sem sjóðurinn hafði gert ráð fyrir í sínum forsendum. Lífeyrisgreiðslur hafa verið leiðréttar samkvæmt niðurstöðum dómanna.

Lífeyrir var greiddur til 116 sjóðfélaga á árinu 2000 að fjárhæð kr. 110.332.364.

Meðalfjöldi starfsmanna hjá sjóðnum á árinu 2000 var fimm. Heildarfjárhæð launa var kr. 21.411.911 og þar af nam heildarfjárhæð launa til stjórnar og framkvæmdastjóra kr. 7.598.537.

ÁRITUN OG SKÝRSLA STJÓRNAR frh.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Reykjavík 30. mars 2001

Eysteinn Haraldsson

Jónas Bjarnason

Rúnar Sigmarsson

Erlingur Leifsson

Guðbrandur Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Stefán Halldórsson

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS Á ÁRINU 2000

	<i>Skýr</i>	2000	1999
IÐGJÖLD			
Iðgjöld sjóðfélaga.....	kr.	348.695.667	311.448.989
Iðgjöld launagreiðenda.....	"	522.911.646	423.088.545
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....	"	7.869.421	5.378.376
Iðgjöld	kr.	879.476.734	739.915.910
LÍFEYRIR			
Lífeyrir.....	8 kr.	110.332.364	90.245.010
Vaxtagjöld	"	4.800.241	7.812.111
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris.....	"	102.000	99.000
Lífeyrir	kr.	115.234.605	98.156.121
FJÁRFESTINGARTEKJUR			
Tekjur af eignarhlutum.....	kr.	(858.408.497)	1.754.540.671
Tekjur af húseignum og lóðum.....	"		2.052.508
Vaxtatekjur og gengismunur	9 "	475.672.703	470.434.313
Hagnaður af sölu fjárfestinga.....	"		21.445.538
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga.....	2 "	(428.380.011)	(482.335.077)
Fjárfestingartekjur	kr.	(811.115.805)	1.766.137.953
FJÁRFESTINGARGJÖLD			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	kr.	20.582.944	16.056.282
REKSTRARKOSTNAÐUR			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	kr.	28.191.804	21.260.027
AÐRAR TEKJUR	10 kr	2.211.163	2.076.848
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HREINNI EIGN FYRIR ÓREGLULEGA LIÐI OG MATSBREYTINGAR			
	kr	(93.437.261)	2.372.658.281
MATSBREYTINGAR			
Endurmatshækkun rekstrarfjármuna.....	kr.	322.707	2.203.965
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga.....	"	428.380.011	482.335.077
Matsbreytingar	kr.	428.702.718	484.539.042
Hækkun á hreinni eign á árinu.....	kr.	335.265.457	2.857.197.323
Hrein eign frá fyrra ári.....	"	10.308.089.395	7.450.892.072
HREIN EIGN Í ÁRSLOK TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	kr.	10.643.354.852	10.308.089.395

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2000

	<i>Skýr</i>	2000	1999
FJÁRFESTINGAR			
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	12 "	4.414.535.617	5.465.499.790
Verðbréf með föstum tekjum.....	13 "	1.698.428.906	1.064.226.161
Veðlán.....	14 "	2.834.931.831	2.599.212.912
Bankainnistæður.....	"	1.569.230.074	1.126.246.186
Aðrar fjárfestingar.....	"	10.700.000	
Fjárfestingar		kr. 10.527.826.428	10.255.185.049
KRÖFUR			
Kröfur á launagreiðendur.....	6 kr.	93.471.980	76.021.796
Aðrar kröfur.....	"	87.249	243.268
Kröfur		kr. 93.559.229	76.265.064
AÐRAR EIGNIR			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir.....	16 kr.	12.192.517	5.643.074
Sjóður og hlaupareikningar.....	"	15.843.697	6.602.220
Aðrar eignir		kr. 28.036.213	12.245.294
FYRIRFRAM GREIDDUR KOSTNAÐUR	7 kr.	4.503.339	7.076.667
EIGNIR SAMTALS		kr. 10.653.925.210	10.350.772.074
SKULDIR			
Aðrar skuldir.....		kr. (10.570.358)	(42.682.679)
HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS SAMEIGNARDEILD		" 10.558.491.403	10.276.637.278
HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS SÉREIGNARDEILD	11 "	84.863.449	31.452.117
SAMTALS HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS		kr. 10.643.354.852	10.308.089.395

SJÓÐSTREYMI 2000

INNGREIÐSLUR	<i>Skýr.</i>	2000	1999
Iðgjöld.....	kr.	862.026.550	717.526.914
Fjárfestingartekjur.....	"	382.359.385	303.727.574
Aðrar tekjur.....	"	2.211.163	2.076.848
Afborganir verðbréfa.....	"	217.235.253	253.475.497
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	"	171.856.526	18.388.430
Seld fasteign.....	"		8.335.383
Aðrar inngreiðslur.....	"	156.019	3.867.832
	kr.	<u>1.635.844.896</u>	<u>1.307.398.478</u>
ÚTGREIÐSLUR			
Lífeyrir.....	kr.	154.061.948	59.200.603
Fjárfestingargjöld.....	"	20.582.944	15.522.027
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....	"	23.513.187	20.668.621
Aðrar útgreiðslur.....	"	1.940.132	
	kr.	<u>200.098.211</u>	<u>95.391.251</u>
RÁÐSTÖFUNARFÉ TIL KAUPA Á VERÐBRÉFUM OG ANNARRI FJÁRFESTINGU	kr.	<u>1.435.746.685</u>	<u>1.212.007.227</u>
KAUP Á VERÐBRÉFUM OG ÖNNUR FJÁRFESTING			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....	kr.	383.880.000	17.829.884
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....	"	454.881.973	88.976.509
Ný veðlán.....	"	250.473.000	221.712.000
Hækkun á bankainnistæðum.....	"	328.938.211	883.886.512
Aðrar fjárfestingar.....	"	8.332.024	3.784.768
	kr.	<u>1.426.505.208</u>	<u>1.216.189.673</u>
HÆKKUN (LÆKKUN) Á SJÓÐI OG VELTI>NNLÁNUM	kr.	9.241.477	(4.182.446)
Sjóður og velti>NNlán i ársbyrjun	kr.	6.602.220	10.784.666
SJÓÐUR OG VELTI>NNLÁN Í ÁRSLOK	kr.	<u>15.843.697</u>	<u>6.602.220</u>

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAADFERÐIR:

1. Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um ársreikninga Lífeyrissjóða, sem settar eru af Fjármálaeftirliti. Hann hefur að geyma sameinaðan ársreikning fyrir sameignardeild og séreignadeild Lífeyrissjóðs verkfræðinga.
2. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins, og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggir á breytingu á vísitölu neysluverðs innan ársins. Staða peningalegra eigna og skulda í árslok er reiknuð til meðalverðlags. Mismunurinn á þannig umreiknaðri stöðu í ársbyrjun að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar myndar reiknaða gjaldfærslu vegna verðbreytinga að fjárhæð 428.380.011 og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjármunatekjum. Hin reiknuðu gjöld eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.
3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með vísitölu neysluverðs frá byrjun reikningsársins til byrjun næsta árs.
4. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af endurmetnu stofnverði.
5. Verðtryggðar langtímakröfur eru færðar til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölur sem tóku gildi 1.1.2001. Kröfur í erlendum gjaldmiðlum eru eignfærðar á síðasta skráða kaupengi þeirra á árinu. Óverðtryggðar langtímakröfur eru eignfærðar á nafnverði. Þannig reiknað verðmæti skuldabréfa sem keypt hafa verið með afföllum, hefur verið lækkað um ótekjufærð afföll, en afföllin eru færð til tekna á afborgunartíma bréfanna miðað við virka vexti og ávöxtunarkröfu þegar kaupin fóru fram.
6. Óinnheimt iðgjöld voru 93.471.980. Hér er um áætlaðar iðgjaldakröfur að ræða er byggjast á iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.
7. Á árinu 1999 var gerður leigusamningur við Verkfræðingafélag Íslands um leigu á húsnæði fyrir sjóðinn til þriggja ára og greiddi sjóðurinn alla leigufjárhæðina fyrirfram. Eftirstöðvar leigusamnings um áramót er færður sem fyrirfram greiddur kostnaður í efnahagsreikningi.

SKÝRINGAR frh.

LÍFEYRIR

8. Lífeyrisgreiðslur sundurliðast þannig:

		2000	1999
Ellilífeyrir	kr.	88.606.064	73.124.399
Örorkulífeyrir	"	7.536.978	2.798.366
Makalífeyrir	"	13.064.130	13.739.164
Barnalífeyrir.....	"	1.125.192	583.081
Samtals.....	kr.	<u>110.332.364</u>	<u>90.245.010</u>

FJÁRFESTINGARTEKJUR

9. Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur, sundurliðast þannig:

		2000	1999
Af sjóðsfélagalánum	kr.	203.101.951	216.215.727
Af innlendum skuldabréfum	"	152.314.326	115.304.769
Af erlendum skuldabréfum	"	(20.192.663)	59.588.136
Af bankainnstæðum	"	125.533.405	66.693.726
Dráttarvextir.....	"	12.410.954	10.453.685
Lántökugjöld.....	"	2.504.730	2.178.270
Samtals.....	kr.	<u>475.672.703</u>	<u>470.434.313</u>

AÐRAR TEKJUR

10. Aðrar tekjur sundurliðast þannig:

		2000	1999
Innheimtuþóknanir, veðflutningur ofl.	kr.	2.211.163	2.076.848
Samtals.....	kr.	<u>2.211.163</u>	<u>2.076.848</u>

SÉREIGNARDEILD

11. Breyting á hreinni eign séreignardeildar sundurliðast þannig:

		2000	1999
Iðgjöld.....	kr.	52.333.729	29.389.959
Fjárfestingartekjur – kostnaður.....	"	1.077.603	2.062.158
Hækkun séreignardeildar	kr.	<u>53.411.332</u>	<u>31.452.117</u>
Inneign frá fyrra ári.....	"	31.452.117	0
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok.....	"	<u>84.863.449</u>	<u>31.452.117</u>

Lífeyrissjóður verkfræðinga

SKÝRINGAR frh.

FJÁRFESTINGAR

12. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Innlend hlutafélög:

Helstu eignarhlutir sjóðsins í innlendum hlutafélögum:

	Nafnverð	Eignarhlutdeild	Bókfært verð
Grandi hf.	kr. 11.437.150	% 0,77	kr. 51.467.175
Hampiðjan hf.	" 7.369.965	" 1,51	" 38.323.818
Íslandsbanki-FBA hf.	" 10.064.169	" 0,10	" 41.766.301
Jarðboranir	" 3.365.447	" 1,30	" 24.736.035
Landsbanki Íslands hf.	" 17.573.574	" 0,27	" 60.628.830
Marel hf.	" 1.974.146	" 0,91	" 86.467.595
Olíufélagið hf.	" 3.471.009	" 0,36	" 38.528.200
SÍF hf.	" 14.054.802	" 0,96	" 38.650.706
Síldarvinnslan hf.	" 6.976.578	" 0,79	" 25.813.339
SR-Mjöl hf.	" 10.000.000	" 0,94	" 23.500.000
Sæplast hf.	" 4.696.605	" 4,74	" 36.868.349
Þormóður rammi – Sæberg hf.	" 8.622.215	" 0,71	" 27.591.088
Aðrir eignarhlutir í innlendum hlutafélögum			" 92.800.363
Samtals.....			kr. 587.141.799

Hlutabréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands hf. eru metin á markaðsverðmæti í árslok 2000.

SKÝRINGAR frh.

Erlend hlutafélög:

Stærstu eignarhlutir sjóðsins í erlendum hlutafélögum. en eignarhluti í hverju þeirra er óverulegur:

			Bókfært verð
Alcatel.....	skráð	kr.	130.587.698
American Express.....	"	"	91.474.928
American Home Products.....	"	"	83.779.445
America Online.....	"	"	55.525.273
AstraZeneca.....	"	"	60.073.718
AXA.....	"	"	94.587.497
Boeing.....	"	"	92.004.555
BP Amoco.....	"	"	53.820.739
Brocade.....	"	"	61.965.661
Chase Manhattan.....	"	"	88.564.287
Cisco.....	"	"	83.753.399
Citigroup.....	"	"	116.306.769
Colt Telecom.....	"	"	75.116.339
de CODE genetics.....	"	"	53.216.100
Disney.....	"	"	80.959.337
Fortis.....	"	"	96.019.706
Danone.....	"	"	97.571.965
Banamex.....	"	"	111.317.674
HSBC.....	"	"	94.311.936
Philips.....	"	"	53.567.639
LVMH.....	"	"	59.316.630
Matsushita.....	"	"	68.386.441
Mediolanum.....	"	"	86.159.149
Microsoft.....	"	"	55.822.971
Millennium Pharmaceuticals.....	"	"	56.614.328
Murata.....	"	"	55.150.474
Oracle.....	"	"	84.272.129
Pearson.....	"	"	68.701.022
Pfizer.....	"	"	77.265.554
Schlumberger.....	"	"	60.743.876
Siemens.....	"	"	58.730.413
Sony.....	"	"	91.380.847
Time Warner.....	"	"	62.373.695
UPC.....	"	"	62.197.947
United Parcel Service.....	"	"	61.620.759
United Technologies.....	"	"	103.892.261
Vodafone.....	"	"	96.969.891
Wal-Mart.....	"	"	76.197.219
Aðrir eignarhlutar í erlendum félögum.....	"	kr.	672.393.406
Samtals.....		"	<u>3.632.713.677</u>
Hlutabréfaeign samtals		kr.	<u>4.219.855.476</u>

Lífeyrissjóður verkfræðinga

SKÝRINGAR frh.

Hlutdeildarskírteini:		Bókfært verð
Sjóðir hjá Morgan Stanley	kr.	82.984.127
Sjóðir hjá Gartmore	"	111.696.014
Hlutdeildarskírteini samtals	"	<u>194.680.141</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum alls	kr.	<u>4.414.535.617</u>

13. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		Bókfært verð
Húsbréf	kr.	21.404.533
Húsnæðisbréf	"	16.285.266
Skuldabréf Húsnæðisstofnunar	"	352.125.166
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	"	179.432.957
Skuldabréf með ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga	"	119.477.841
Skuldabréf fyrirtækja	"	109.804.113
Skuldabréf fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum	"	11.017.614
Skuldabréf einstaklinga	"	40.021.070
Víxlar	"	408.924.185
Vísitölutengd skuldabréf í íslenskum krónum	"	180.148.884
Erlend breytanleg skuldabréf í fjárvörslu hjá Morgan Stanley.	"	259.787.277
Verðbréf með föstum tekjum alls	kr.	<u>1.698.428.906</u>

Erlend breytanleg skuldabréf voru færð í ársreikningi 1999 undir liðnum “Verðbréf með breytilegum tekjum”, en hafa nú verið færð undir liðnum “Verðbréf með föstum tekjum”.

14. Veðlán greinast þannig:		Bókfært verð
Lán til sjóðfélaga	kr.	2.786.166.185
Önnur veðlán	"	48.765.646
Veðlán alls	kr.	<u>2.834.931.831</u>

SKÝRINGAR frh.

15. Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	kr. 587.141.799	3.827.393.818	4.414.535.617
Verðbréf með föstum tekjum.....	" 1.427.624.015	270.804.891	1.698.428.906
Veðlán.....	" 2.834.931.831	0	2.834.931.831
Bankainnistæður	" 1.444.414.733	124.815.341	1.569.230.074
Aðrar fjárfestingar	" 10.700.000	0	10.700.000
Samtals.....	kr. 6.304.812.378	4.223.014.050	10.527.826.428

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

16. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Rekstrarfjármunir	-
Stofnverð 1. janúar 2000	kr. 5.839.552	
Keypt á árinu	" 8.332.024	
Endurmat á árinu	" 368.878	
Heildarverð 31.12.2000	" 14.540.454	
Afskrifað alls 1. janúar 2000	" 196.478	
Endurmat afskrifta á árinu	" 46.170	
Afskrifað á árinu	" 2.105.289	
Afskrifað alls 31.12.2000	" 2.347.937	
Bókfært verð 31.12.2000.....	kr. 12.192.517	

SKÝRINGAR frh.

FJÖLDI STARFSMANNA OG STARFSMANNKOSTNAÐUR

17. Á árinu 2000 störfuðu 5 starfsmenn í fullu starfi hjá sjóðnum. Heildarfjárhæð launa var kr. 21.411.911 og launatengd gjöld voru kr. 2.694.772. Þar af nam heildarfjárhæð launa til stjórnar og framkvæmdastjóra kr. 7.598.537.

TRYGGINGAFRÆDILEG ÚTTEKT M.V. 31.12. 2000

18. Niðurstöður:

Eignir og skuldbindingar

	Áfallnar	Framtíðar	Heildar
Eignir	10.465,0		10.465,0
Endurmat	192,0		192,0
Fjárfestingarkostnaður	-375,8		-375,8
Iðgjöld		11.212,6	11.212,6
Samtals eignir	10.281,2	11.212,6	21.493,8
Ellilífeyrir	7.713,6	7.159,0	14.872,6
Örorkulífeyrir	814,8	1.120,0	1.934,8
Makalífeyrir	2.236,9	2.059,9	4.296,8
Barnalífeyrir	113,8	189,2	303,0
Rekstrarkostnaður	186,0	441,7	627,7
Samtals skuldbindingar	11.065,1	10.969,8	22.034,9
Eignir - skuldbindingar	-783,9	242,8	-541,1
% af skuldbindingum	-7,1%	2,2%	-2,5%

Hér eru ekki taldar eignir séreignardeildar, og frá eign samkvæmt ársreikningi dregnar 93,5 milljónir sem eru áætluð útistandandi iðgjöld sem ekki voru skráð í réttindabókhald.

SKÝRINGAR frh.

KENNITÖLUR

	2000	1999	1998	1997	1996
1. Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum.....	13,33%	12,72%	8,29%	9,44%	9,06%
2. Rekstrarkostnaður í % af eignum.....	0,24%	0,24%	,026%	0,26%	0,29%
3. Raunávöxtun miðað við neysluverðsvísitölu	-7,67%	22,16%	11,12%	6,69%	9,60%
4. Hrein raunávöxtun	-7,89%	21,57%	10,98%	6,43%	9,20%
5. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára.	7,63%	10,29%	6,78%	6,16%	5,69%
6. Meðaltal fjölda virkra sjóðsfélaga.....	1.722	1.646	1.497	1.330	1.284
7. Meðaltal fjölda lífeyrisþega	109	100	88	80	73
8. Stöðugildi á árinu	5	4	4	4	4
9. Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	80%	81%	79%	78%	76%
Örorkulífeyrir	7%	3%	6%	6%	8%
Makalífeyrir.....	12%	15%	14%	15%	15%
Barnalífeyrir	1%	1%	1%	1%	1%
10. Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	41,93%	51,31%			
Skráð verðbréf með föstum tekjum	9,50%	3,18%			
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,00%	2,04%			
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	6,63%	7,23%			
Veðlán	26,93%	25,43%			
Annað.....	15,01%	10,81%			
11. Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum.....	60,33%	55,67%			
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	39,67%	44,33%			

SKÝRINGAR frh.

Skýringar á kenntölum:

1. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum.
2. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok.
3. Raunávöxtun eigna miðað við vísitölu neysluverðs (4,18% hækkun á árinu 2000).
4. Hrein raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs þar sem allur kostnaður – aðrar tekjur er dreginn frá fjárfestingartekjum.
5. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára samkvæmt ársreikningum.
6. Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
7. Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.
8. Reiknast sem slysatryggðar vinnuvikur deilt með 12.
9. Lífeyrir skv. samþykktum sjóðsins.
10. Heildarfjárhæð annarra fjárfestinga í efnahagsreikningi, skipt hlutfallslega niður á skráð og óskráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð og óskráð verðbréf með föstum tekjum, veðlán og annað.
11. Heildarfjárhæð annarra fjárfestinga í efnahagsreikningi, skipt hlutfallslega niður á eignir í íslenskum krónum annars vegar og eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals hins vegar.